



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við setningu  
Atvinnu- og nýsköpunarhelgar  
Háskólanum á Akureyri  
15. apríl 2011**

*Ávarpið var flutt blaðlaust  
Eftirrit upptöku*

Ágæti rektor  
Fulltrúar bæjaryfirvalda  
Góðir gestir

Það er ánægjulegt að koma hingað í þessi nýju húskynni. Opnun þeirra gaf mikil fyrirheit og ég er viss um að tíminn sem hefur liðið hefur glætt Háskólann nýju lífi. Það er líka gott að sjá að skólinn er kjörinn vettvangur til að koma saman og velta því fyrir sér hvað skapar framfarir á nýjum tímum, á þessari merkilegu öld þegar veröldin hefur orðið í raun og veru eitt þorp og sérhver hefur aðgang að upplýsingum, fróðleik og þekkingu hvaðanæva úr veröldinni.

Þið ætlið að fjalla um hvernig hugmyndir geta orðið að framkvæmd, breytingum, valdið þáttaskilum og kannski erum við einmitt stödd hér í einni slíkri hugmynd. Þegar fyrst kviknaði hugmyndin um háskóla á Akureyri, um þá nýsköpun sem í því kynni að felast og atvinnutækifærin, þá voru ærið margir, að vísu aðallega sunnan heiða, sem fannst það galin hugmynd. Ef haldið hefði verið helgarþing sunnan heiða til að fjalla um þá hugmynd er ég nokkurn veginn viss um að henni hefði snarlega, strax á föstudegi, verið ýtt út af borðinu.

Þess vegna skiptir það nokkru máli hver fær hugmyndina, í hvaða umhverfi. Á hvaða vettvangi er það sem við ætlum okkur að framkvæma nýsköpun? En áður en við komum að þeirri umræðu held ég að sé mikilvægt að við áttum okkur á að nánast allir sem fjalla um efnahagsþróun og atvinnulíf á þessari nýju öld, 21. öldinni, eru sammála

um að mikilvægasta hreyfiaflið verður nýsköpun. Þau samfélög, þær þjóðir, þau byggðarlög sem munu standa sig best verða þau sem leggja mesta rækt við nýsköpunina, hvetja ungt fólk, alla, til að hrinda hugmyndum í framkvæmd, eru fljót að því og gera það á árangursríkan og faglegan hátt.

Singapúr hefur stundum verið nefnt sem dæmi um land sem var bara eins konar umferðarmiðstöð í breska heimsveldinu, hafði ekkert af því sem við Íslendingar köllum auðlindir. Engu að síður hefur með nýsköpun, hugmyndaauðgi og samstöðu tekist að gera þetta svæði, sem var í raun og veru á jaðrinum í Asíu, að miðstöð nýjunga, menntunar, fyrirtækja og einhverra bestu lífskjara sem þekkjast í álfunni.

Ég var staddur í Kaupmannahöfn fyrir í þessari viku og ávarpaði stóra samkomu um það bil átta hundruð forystumanna úr dönsku atvinnulífi. Við ræddum m.a. um orkumál. Okkur er tamt hér á Íslandi að hugsa um orkuna út frá fallvötnunum og jarðhitnum, kröftunum sem búa í náttúrunni. Svo hafa frændur okkar Norðmenn sýnt að hægt er að sækja olíuna og aðrar slíkar auðlindir og verða að orkuveldi í krafti þess.

Það er merkilegt að Danmörk hafði í raun og veru ekki neinar virkjaðar orkulindir, engin fallvötn, engin fjöll eins og við höfum gert grín að hér á Íslandi þegar við tölum um landslagið í Danmörku; og auðvitað engan jarðhita og engar olíulindir eða gaslindir. Danir höfðu bara eitt. Þeir höfðu vindinn, rokið. Og þeir höfðu snilld til þess fyrir þrjátíu árum eða svo að velta því fyrir sér hvernig hægt væri að virkja vindinn, söfnuðu hugmyndum og lögðu drög að tækninýjungum á sviði sem hefur leitt til þess að Danmörk er orðin heimsveldi í orkumálum, eins fjarstæðukennt og það hljómar. Ekkert land í heiminum, a.m.k. ekkert land í Evrópu, hefur orðið jafn áhrifaríkt á sviði hreinnar orku, vindorkunnar, eins og Danir.

Fyrir á þessu ári tók ég þátt í því á heimsráðstefnu í Abu Dhabi um nýjar orkulindir að veita öflugasta fyrirtæki á þessu sviði í Danmörku, Vestas, heimsverðlaunin í orkumálum. Árangur Dana í vindorku er í raun og veru eitt besta dæmið um það hvernig hægt er með nýsköpun og hugmyndaauðgi að skapa sér mikinn auð og tækifæri úr engu. Úr því sem blés fram hjá hverjum og einum án nokkurs gagns, flestum til nokkurs ama, eins og við þekkjum sem höfum verið í miklu roki í Danmörku því það er hvergi skjól í þessu flata landi.

Við getum líka tínt upp hér á Íslandi skemmtileg og mögnuð dæmi sem sýna okkur hvernig nýsköpun og hugmyndaauðgi og samræða býr til stórkostleg tækifæri.

Ég hef stundum vitnað til þess, vegna þess að ég held að ég gleymi því aldrei, að fyrir u.þ.b. tuttugu árum vorum við þingmenn Reykjaneskjördæmis boðaðir í vinnuskúra rétt hjá affallsvatninu úr hitaveitunni sem menn voru að byrja að byggja fyrir Grindavík, orðið að vísu lítið lón þarna í hrauninu en hafði engan húsakost, enga aðstöðu, bara gamla vinnuskúra sem þeir höfðu fengið frá Vegagerðinni. Þangað vorum við boðaðir, þingmenn kjördæmisins. Og karlarnir — það voru því miður bara karlar — úr bæjarstjórninni í Grindavík og Grímur læknir settu upp á veggina í vinnuskúrunum myndir af því sem þeir sögðu að yrði Paradís sköpuð úr vatninu og hrauninu; myndi laða að a.m.k. tvö hundruð þúsund ferðamenn á ári. Ég get alveg játað, eins og ég hef stundum gert síðar, að við allir sem vorum boðaðir af Austurvelli til Grindavíkur og settir inn í vinnuskúrana fórum í burtu og hristum bara hausinn yfir þessum fjarstæðukenndu hugmyndum.

Tuttugu árum síðar hafði þeim úr bæjarstjórninni í Grindavík, í samvinnu við verkfræðinga, tæknifólk, Grím lækni og snjalla arkitekta, tekist að skapa vinsælasta ferðamannastað Íslands sem tekur nú árlega til sín milli fjögur hundruð og fimm hundruð þúsund ferðamenn. Og er þegar í raun og veru sprunginn vegna þess að frá maí og til september er ekki með góðu móti hægt að taka við fleirum.

Þetta byrjaði bara sem hugmynd. Sérkennileg hugmynd sem í raun og veru fól í sér að búa til úr hrauninu eitthvað sem yrði einstæð upplifun fyrir fólk alls staðar að úr veröldinni.

Fyrir tæpum þrjátíu árum hafði ég skrifstofu í húsi á Hverfisgötunni og þar var á þriðju hæð í tveimur herbergjum eitthvað sem hét Össur og við vissum ekkert hvað var. En þar inni var uppfinningamaður og frumkvöðull að fást við að smíða gervifætur á grundvelli tæknikunnáttu sinnar og hugvits. Ég get líka játað það hér í dag að þótt ég ætti erindi nánast á hverjum degi á þessa skrifstofu, færi framhjá merkinu sem var fyrir utan þessi tvö herbergi, þá leiddi ég ekki hugann að því að þarna inni væri verið að skapa það sem nú er stærsta fyrirtæki veraldar á sínu sviði, byggt á atorku, hugviti og tæknikunnáttu eins manns.

Sama er um Marel sem spratt upp úr Háskólanum, úr vinnu sem þar var unnin af fáeinum tæknimönnum, verkfræðingum og kunnáttufólki á sviði vísinda og tækni. Það er líka orðið fremsta fyrirtæki í matvælatækni á sínu sviði í veröldinni.

Þannig sjáum við hvernig orðið hafa til burðarásar í okkar atvinnulífi á undanförunum áratugum fyrst og fremst vegna þess að einhver fékk hugmynd að nýsköpun og hún fékk að blómstra; menn hrintu henni í framkvæmd.

Ég sé að Guðjón sem við kennum ennþá við Oz ætlar að koma hérna á eftir. Það vill svo skemmtilega til að ég hitti gamlan féлага hans sem nýlega tók við banka fyrir nokkrum dögum. Þegar þeir strákarnir voru í gömlu Mjólkurstöðinni í Reykjavík við Snorrabrautina að bjástra við þetta sérkennilega fyrirtæki Oz sem flestir landsmenn vissu í raun og veru ekki um hvað snerist, þá held ég að fæstir hefðu trúað því að tuttugu árum síðar ættu þessir ungu menn eftir að verða forystuafli í því að telja nýjan kjark í íslenska þjóð og sýna okkur hvað hægt væri að gera þrátt fyrir erfiðleika liðinna ára.

Minn gamli heimabær Ísafjörður; þeir eru ávallt að barma sér á Ísafirði! Dálítið merkilegt, ég segi stundum við þá, í hvert skipti sem ég kem vestur að þá er alltaf afturför þegar maður talar við heimamenn, alltaf afturför. Samt sem áður hefur Ísafjörður tekið stakkaskiptum frá því ég ólst þar upp: nýtt sjúkrahús, menntaskóli, uppfyllingar, heil byggð inni í Dalnum, endurnýjun gamalla húsa.

Þeir ætluðu að leggja niður Slippinn fyrir um tuttugu árum, eins og gerðist víða um land. Þá voru tveir ungir menn á Ísafirði sem voru ekki tilbúnir að gefast upp, vildu nýta kunnáttuna sem hafði verið byggð upp í Slippnum til að búa til nýtt hátækniyrirtæki. Þeir fengu pláss í gömlu frystihúsi. Það var að vísu ekki mjög vistlegt, lögðu dag við nótt og bjuggu smátt og smátt til það sem lengst af hefur heitið 3X Stál, fyrirtæki með svipuðum hætti og Marel, framleiðir vinnsluvélar og selur vítt og breitt um veröldina; notar netið til þess að koma vörunni á framfæri, hefur í raun og veru enga markaðsdeild, sýnir bara árangurinn af því sem þeir hafa sjálfir búið til. Tveir ungir menn voru ekki tilbúnir að gefast upp, þótt ætti að leggja niður Slippinn. Þeir fengu nýja hugmynd um að nýta sér þá kunnáttu og þá hæfni sem til var í byggðarlaginu.

Fyrir sjö árum voru tveir eða þrír menn á Ísafirði sem sögðu við fólkið í bænum: Eigum við ekki að fá skemmtiferðaskip til að koma hingað til Ísafjarðar eins og þeir hafa gert á Akureyri? Flestir í bænum hristu höfuðið yfir þessari hugmynd. Það væri nánast útilokað að fá skemmtiferðaskip í einhverjum mæli til Ísafjarðar. En þessir frumkvöðlar sögðu: Fyrst verðum við að dýpka höfnina. Auðvitað voru allir á Ísafirði tilbúnir að dýpka höfnina; að sjálfsögðu, sækja fjármuni suður til að stækka höfnina! Það hafa menn alltaf viljað fyrir vestan en það hafði enginn trú á því að það kæmi nokkurt skemmtiferðaskip.

Svo kom að fyrsta sumrinu. Þá komu tuttugu og fimm skip og vandi heimamanna var sá að þeir vissu ekki hvað átti að gera við allt fólkið sem kom í bæinn. Það hafði gleymst að gera ráð fyrir því að það tækist að koma hugmyndinni í framkvæmd. Sem er reyndar lærdómur sem ég veit að þið munuð fjalla um hér þessa helgi. Það er ekki nóg að fá

hugmyndina. Það þarf að tryggja að hún gangi upp í framkvæmdinni, lenda ekki í því eins og vinir mínir á Ísafirði að vera komnir með tuttugu og fimm skemmtiferðaskip í bæinn og vita ekki hvað átti að gera við allt fólkið. Þeir urðu náttúrulega eins og þið hafið þurft stundum hér fyrir norðan að flytja fullt af rútum að sunnan til þess að geta tekið við fólkinu. Í fyrrasumar komu yfir þrjátíu; nú í sumar verður fjöldinn enn meiri.

Við getum farið yfir á Húsavík þar sem ungir menn fengu líka fyrir allnokkrum árum hugmynd um að sýna útlendingum hvali. Flestir Íslendingar voru þá enn þeirrar skoðunar að best væri að veiða hvali, ekki sýna þá. Engu að síður hefur þeim á Húsavík tekist að byggja upp öflugt ferðapjónustufyrirtæki sem tekur á móti um sjötíu þúsund ferðamönnum á hverju ári, fer með þá út á sjó og sýnir þeim þessar undraverur úthafsins. Um leið koma tekjur í bæjarfélagið sem auðvelda ungu fólki, námsmönnum að dvelja í sinni heimabyggð yfir sumarmánuðina og fá vinnu.

Eitt af því sem er skemmtilegt við bankahrúnið, ef má orða það svo, og ég vona að ég verði ekki misskilinn, eitt af því sem er skemmtilegt við bankahrúnið er að við fengum nýja sýn á sprotafyrirtæki, nýja sýn á tækifærin og upplýsingatæknina. Þessi tvö ár sem liðin eru hafa verið eitthvert mesta gróskutímabilið í sprotafyrirtækjum á sviði upplýsingatækni hjá okkur Íslendingum. Það er satt að segja merkilegt að sjá þann mikla árangur sem hefur náðst á því sviði. Bankarnir voru orðnir kröfuharðir á kunnáttufólk, verkfræðinga, tæknifólk og aðra svo að mörg af þessum ungu fyrirtækjum fengu ekki það fólk sem þurfti til þess að geta nýtt tækifærin.

Það kennir okkur reyndar þriðju lexíuna sem mig langar að deila með ykkur hér í dag. Það er að hafa vit á því að leita samstarfs við aðra. Hafa vit á því að einoka ekki hugmyndina heldur vera nægilega opinn og bjóða öllum sem hafa eitthvað fram að færa að vera með, að nálgast verkefnin með opnum huga og skilja að ef hugmyndin tekst þá er ávinningurinn okkar allra. Við höfum of mikla tilhneigingu til þess, ef við fáum góða hugmynd, að halda henni bara hjá okkur sjálfum. Stundum getur það verið réttlætanlegt, að tryggja sér einkaleyfi, en reynslan sýnir samt sem áður að það að vera í samvinnu og með hvert öðru tryggir framkvæmdina.

Ég gæti haldið áfram lengi að tína upp fleiri dæmi en ætla ekki að gera það. Ég hef kosið að fara yfir sviðið, nefna fyrirtæki eins og Össur, Marel og önnur slík, fara vestur á Ísafjörð og norður á Húsavík, nefna dæmi úr byggðarlögum sem margir hefðu talið fyrir tuttugu árum eða svo að gætu varla verið vettvangur nýsköpunar.

Mér finnst ánægjulegt að koma hingað til ykkar í dag og gerði mér sérstaka ferð vegna þess að ég er sannfærður um að samræða af því tagi sem þið ætlið að leggja í á þessari helgi, og samvinna um nýjar hugmyndir og hvernig við hrindum þeim í framkvæmd, hvernig við getum eflt nýsköpun og hugmyndaauðgi í okkar samfélagi, er ekki síður en fiskistofnarnir og hreina orkan einhver mikilvægasta auðlindin sem við Íslendingar eigum. Ef við virkjum ekki auðlindina sem er inni í höfðinu á okkur sjálfum, ímyndunaraflíð, kraftinn og samvinnuna sem við getum öðlast með því að vinna hvert með öðru, þá munu fiskurinn og orkan ekki duga okkur til að öðlast á komandi árum og áratugum þau lífskjör sem við viljum.

Mig langar að ljúka þessu með því að segja ykkur eina sögu frá Indlandi, um hvernig einföld hugmynd hefur orðið grundvöllur að áttatíu milljón manna símafyrirtæki. Hugmyndin var svo einföld að maður nagar sig dálítið í handarbökin fyrir að hafa ekki dottið hún í hug.

Ég átti þess kost að ræða við frumkvöðul þessa símafyrirtækis fyrir nokkrum árum. Hann sagði að hvatinn fólst í því að í áratugi hafði öll umræða um efnahagsþróun fátækra ríkja, eins og Indlands eða ríkja í Afríku, byggst á því að fyrst yrði að stofna skóla, kenna fólki að lesa og reikna og þá fyrst myndi hagþróunin smátt og smátt fara í gang. En sem betur fer, sagði þessi maður, hefur upplýsingatæknin og farsímminn gefið okkur þá möguleika að nýta það sem allir hafa, þótt þeir hafi aldrei gengið í skóla. Þótt menn kunni ekki að lesa, kunni ekki að reikna, þá kunna allir að tala. Með því að gefa farsíma til fátækasta fólksins í þorpunum og kenna því bara 1 2 3 4 5 6 7 8 9 0 og hvernig hægt er að raða þessum tölum saman á einfaldan hátt til að geta hringt hvert í annað, fóru samskiptin í gang og þorpin tóku að breytast; menn fóru að tengjast hver öðrum og hagþróunin hófst. Á fimm árum urðu áskrifendurnir áttatíu milljónir; obbinn fólk sem engum hefði áður dottið í hug að tengja við símafyrirtæki vegna fátæktar, jafnvel örbirgðar.

Þessi maður fékk hugmynd: þótt þú kunnir ekki að lesa, kunnir ekki að reikna, þá kanntu að tala. Þess vegna getur einfaldasta hugmyndin verið fólgin í því sem allir vita en enginn hefur áttað sig á að getur orðið grundvöllur að stórkostlegri framkvæmd.

Ég óska ykkur til hamingju með þessa vinnuhelgi. Það er gaman að sjá Guðjón hérna, alltaf mættan þar sem nýir hlutir eru á vettvangi, ungur maður sem aldrei gefst upp á því að hræra í okkur hinum. Umfram allt vil ég óska Háskólanum til hamingju og bæjaryfirvöldum að hafa tekið höndum saman með ungu fólki sem eru sérfræðingar í að hrinda nýjum hugmyndum í framkvæmd og kveikja hjá öðrum von um að samræða geti orðið upphafið að skemmtilegum nýjungum.